



## 7. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn á Teams, þriðjudaginn 2. Febrúar 2021 kl. 12:00

Mættir: Kristinn Arason, Guðbjörg Snorradóttir, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Sólveig Jónsdóttir og Sæunn Viggósdóttir

Forföll boðaði: Kristín Ívarsdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

Hulda Árnadóttir gengur úr stjórn og kemur varamaðurinn Guðbjörg Snorradóttir inn í stjórn í hennar stað.

Marta tekur við af Huldu í umsjón með starfssamningum við starfsfólk og launamálum með Jarprúði Hönnu.

### 1. Niðurstöðu úr brottfallskönnun – til upplýsinga

Umræður áttu sér stað, stjórn hefur áhyggjur af brottfalli í nokkrum félögum og á ákveðnu aldursbili.

### 2. Niðurstöður úr launakönnun á meðal þjálfara – til upplýsinga

Umræða átti sér stað, rætt var um hvaða forsendur eru á bak við hverja tölu fyrir sig og að ekki komi fram neitt um menntun, aldur og reynslu.

### 3. Tillaga að afskriftum – til samþykktar

Tillaga samþykkt.

### 4. Tillaga til stjórnar vegna eyrnamerktra styrkja – til samþykktar

Tillagan rædd og margir jákvæðir þættir sem koma fram í henni, samt sem áður var ekki talið að þörf væri á að breyta kerfinu sem er til staðar í dag.

Tillaga felld

### 5. Tillaga til stjórnar vegna leyfiskerfis – til samþykktar

Tillaga rædd.

Tillaga samþykkt með fyrirvara um breytingar, breytingar lagðar fyrir á næsta



stjórnarfundir.

6. Tillaga að heimsókn tveggja starfsmanna austur, skipulag og kostnaðaráætlun – til samþykktar

Tillaga samþykkt.

7. Evrópumót í áhaldafimleikum, fjöldi þátttakenda og kostnaðaráætlun – til samþykktar, gögn lögð fram á fundinum.

Tillaga samþykkt

8. Formannafundur FSÍ 26. febrúar – framkvæmd fundar

Stefnt verður að því að halda fundinn á staðnum, af því gefnu að fjöldatakmörkun leyfi.

9. Önnur mál

Streymismál rædd, ekki verður streymt frá fimleikamótum á vegum FSÍ, það er í höndum félaganna að koma upptökum/streymi til aðstandanda keppanda í hverju félagi fyrir sig.

Fundi slitið kl. 12:39